

Minnispunktur

Almannavarnanefndin á Vesturlandi

Fundartími: 16. desember 2019 kl. 13:00.

Fundarstaður: Lögreglustöðin, Bjarnarbraut 2, Borgarnesi.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi boðaði til fundarins 19. nóvember 2019.

Mætt eru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri Jón Haukur Hauksson staðgengill lögreglustjóra Jón S. Ólason yfirlögregluþjónn Emil Sigurðsson lögregluþjónn
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri
Af hálfu Borgarbyggðar:	
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	Eggert Kjartansson oddviti
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri
Af hálfu Helgafellssveitar:	
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Skorradalshrepps:	Árni Hjörleifsson oddviti
Af hálfu Snæfellsbæjar:	Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	Þráinn Ólafsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Bjarni K. Þorsteinsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	Valgeir Þór Magnússon slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	
Af hálfu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi:	Ekki boðað

Úlfar setti fund, bauð fundarmenn velkomna.

Fyrir liggur dagskrá í fimm liðum. Þessi umfjöllunarefni voru tekin fyrir:

1. Kynning á starfsmanni almannavarnanefndar og verkefnum 2020.

Úlfar kynnti Emil Sigurðsson fyrir fundarmönnum. Hann er hugsaður sem starfsmaður nefndarinnar í 50% starfi á árinu 2020. Hann hefur starfað sem lögreglumaður og aðstoðarsaksóknari hjá lögreglunni á Vesturlandi og á árinu 2020 mun hann þá starfa sem starfsmaður almannavarnanefndarinnar og sem aðstoðarsaksóknari.

Jakob veltir upp fyrirkomulagi vinnunnar í stórum dráttum, hvað sé næst. Emil svarar því að hann sé byrjaður að fara yfir áætlanir og undirbúa samræmingu. Einnig þurfi að fara til allra sveitarfélaga til að fara nánar yfir, heimamenn hafi upplýsingar sem þurfi að hafa í huga. Sérstaklega þurfi að horfa til fjarskipta, rafmagns, varaafis o.fl.

Sævar Freyr Þráinsson mætir kl. 13:20.

Umræður um áhrif óveðurs í byrjun desember. Áhrifin voru lítil sunnan Bröttubrekku en Kristján segir að mikilla áhrifa hafi gætt í Dalabyggð þar sem rafmagn var mjög óstuðugt og hluti af sveitarfélaginu var rafmagnslaus og fjarskipti lágu niðri samfelld í u.þ.b. sólarhring. Fundarmenn telja tilefni til að skoða hvernig viðbragð við svipuðum aðstæðum gæti verið. Björg telur að nýta eigi tækifæri einmitt nú, og draga fram veikleikana í innviðum hér á Vesturlandi og koma á framfæri, þannig að þeir séu örugglega hafðir með í umræðum um úrbætur. Eggert nefnir að á Snæfellsnesi sé yfir 6 MW í smávirjunum sem hugsanlega er hægt að nota innan svæðis, en það þurfi að leysa tæknimál innan svæðis varðandi þetta. Ákveðið að Eggert geri minnispunkta varðandi þetta og sendi Úlfari. Kristinn og Kristján nefna að hringtenging í raflögnum sé mikilvæg til að hægt sé að sækja orku annars staðar frá í erfiðum aðstæðum. Kristján nefnir að fjarskipti séu stóra málið, því núna reiði flestir sig á ljósleiðarasamband og ef rafmagn fer af þá fer sambandið líka. Björg nefnir að skuggar í fjarskiptasambandi þurfi líka að vera til skoðunar.

Björg nefnir að í Grundarfirði sé ekki staðsettur læknir utan virka daga. Þess utan þurfi Grundfirðingar að leita læknis í Ólafsvík. Það sé áhyggjuefni ef atburðir sem þessir gerast þegar læknislaust er á svæðinu.

2. Skipulag æfinga viðbragðsaðila.

Úlfar nefndi að hann stefni á skrifborðsæfingu næsta haust og stærri æfingu með viðbragðsaðilum 2021.

3. Brunavarnaáætlanir.

Staða mála í Snæfellsbæ mun vera svipuð og var þegar síðasti fundur var haldinn í desember 2019, þ.e.a.s. að ganga þarf eftir staðfestingu Mannvirkjastofnunar og fara þarf yfir áætlanir miðað við kröfur um yfirferð á fimm ára fresti. Hjá Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit er áætlun tilbúin en verið er að vinna kostnaðaráætlun og kostnaðarskipting. Grundarfjarðarbær er með gilda brunavarnaáætlun til 2021 en farið verður í endurskoðun hennar árið 2020.

Björg spyr hvort vinna Emils muni taka til þess að fara yfir brunavarnaráætlanir. Emil segir svo vera. (Ath. Úlfars: Emil fer ekki yfir brunavarnaáætlanir).

4. Mótvægisáðgerðir vegna gróðurelda.

Skorradalshreppur hefur helst ýtt á eftir í þessum málaflokki. Umfjöllun er frestað þar sem fulltrúi Skorradalshrepps er ekki mættur. Bjarni nefnir að hann telur rétt að fá félagsmálaráðherra á fund til að ræða brunamál, þar sem málaflokkurinn heyrir undir hann.

5. Önnur mál.

Umræður um möguleg veðurfarsleg áhrif og hvernig viðbragð þurfi að vera. Kristinn leggur áherslu á að nefnd sem fer í að skoða aðstæður á NV-landi verði falið að skoða aðstæður á Vesturlandi líka.

Árni Hjörleifsson og Linda Björk Pálsdóttir mæta kl. 13:55. Þau kannast ekki við að hafa fengið fundarboð um að mæta kl. 13:00.

Úlfar stakk upp á að næsti fundur nefndarinnar verði um miðjan apríl og síðan á sem næst 6 mánaða fresti (apríl – október). Umræður eru um að stefna á fund og skrifborðsæfingu 20. apríl 2020. Úlfar boði til fundar og æfingar.

Fundi slitið kl. 14:00